

**INNSETNINGARSKÝRSLA / ÚTTEKTARSKÝRSLA****Innsetningarskýrsla vegna flutnings vöru í tollfrjálsa vöruheymslu/tollvöruheymslu  
Úttektarskýrsla vegna innflutnings úr tollfrjálsri vöruheymslu/tollvöruheymslu****Útfylling og útfærsla innsetningar og úttektarskýrslu  
Gildir um pappírstollskýrslu og SMT/EDI-tollskýrslu****Innsetningarskýrsla og úttektarskýrsla**

Við tollafgreiðslu vara úr tollfrjálsri vöruheymslu/tollvöruheymslu vegna innflutnings skal gerð tollskýrsla, sbr. ebl. E-2, hér eftir nefnd úttektarskýrsla (tegund tollafgreiðslu TU, TB o.fl. sbr. almennar leiðbeiningar) byggð á þeim frumupplýsingum um vörusendingu sem skráðar voru í tölvukerfi rekstraraðila tollfrjálsrar vöruheymslu/tollvöruheymslu þegar vörusending var flutt ótollafgreidd í vöruheymslu hans fyrir slíkar vörur. Frumupplýsingar þessar eru atriði, sem nota þarf við birgðabókhald, tollskýrslugerð, tolleftirlit, tollafgreiðslu og álagningu aðflutningsgjalda við innflutning varanna með úttektarskýrslu og eru hér eftir nefndar innsetningarskýrsla vörusendingar (tegund tollafgreiðslu TO, TF, TM o.fl. sbr. almennar leiðbeiningar). Stofnupplýsingar hvernar innsetningarskýrslu tiltekinnar vörusendingar mynda þannig grunn að öllum útreikningum í úttektarskýrslu. Ein úttektarskýrsla getur tekið til vara úr fleiri en einni innsetningarskýrslu.

Tilkynna ber Skattinum um fyrirhugaðan flutning vörusendingar í tollvöruheymslu með því að senda rafræna innsetningarskýrslu (CUSDEC). Þegar skýrslan er móttækin í tollakerfinu og sjá má á Tollalínunni, skal senda öll fylgiskjöl á [skjalaskil@skatturinn.is](mailto:skjalaskil@skatturinn.is). Skrá skal í efnislínu/subject: sendingarnúmer án bandstrika eða stafabíla

Dæmi: ELAG10103NLRTMW520

Þegar Skatturinn hefur samþykkt flutninginn (innsetningarskýrsluna) er send rafræn afhendingarheimild (CUSPAR) bæði á farmflytjanda og á rekstraraðila.

**Innihald innsetningarskýrslu**

Stofn- eða frumupplýsingar innsetningarskýrslu samanstanda m.a. af eftirfarandi upplýsingum vegna tollverðsmyndunar auk annarra tollskýrsluupplýsinga:

- Heildar vöruverði vara í vörusendingu skráð í reit 22.
- Flutningskostnaði skráð í reit 12.
- Öðrum tollskyldum kostnaði skráðum í reit 12
- Vátryggingu skráð í reit 12
- Fjöldi eininga og einingarverð mynda vöruverð hvernar vörulínu (hvernar vöru eða vöruliðar) sem er skráð í reit 42, samtala einingarverða hvernar vörulínu í reitum 42, skal stemma við heildar vöruverð vörusendingar í reit 22. Einnig skal tilgreina í reit 47 magntölur vöru sem mynda gjaldstofna fyrir útreikning gjalda.
- Tollskrárnúmeri og raðnúmer hvernar vörulínu í reit 32 og 33.

Upphæðum í erlendri mynt, sem mynda tollverð, skal ekki breyta í íslenskar krónur við skráningu innsetningarskýrslu heldur skal umreikningur eiga sér stað þegar upphæðir eru dregnar inn í úttektarskýrslu við tollafgreiðslu varanna og þá skv. gildandi tollgengi og tollverðsgengi út frá því.

### Tilvísunarnúmer innsetningarskýrslu og raðnúmer úttektar úr henni

Hver innsetningarskýrsla vörusendingar, sem fer inn í tollfrjálsa vörugeymslu/tollvörugeymslu, fær sérstakt *tilvísunarnúmer*, s.k. innsetningarnúmer, í tölvukerfi rekstraraðila sem skal skrá í **reit 28**. Númerin, sem eru 8 stafir samtals, skulu vera í númeraröð innan ársins. Þau byrja á bókstaf, sem úthlutað er af Skattinum fyrir hvern rekstraraðila, og þar á eftir koma tveir síðustu tölustafirnir innan hvers árs og síðan 5 tölustafa númer (t.d. V1612345). Að auki fær hver úttekt (hreyfing) úr innsetningarskýrslu sérstakt 3. stafa raðnúmer vegna tollafgreiðslu vara úr þeirri vörusendingu. Tilvísunarnúmerið skal nota og skrá við hverja úttekt vara úr viðkomandi innsetningarskýrslu að viðbættu raðnúmeri úttektar (t.d. V2312345014, þ.e. innsetning nr. 12345 árið 2023 og úttekt nr. 14 úr þeirri innsetningarskýrslu). Þessitilvísun er því ávallt 11 stafir. Tilvísunarnúmer úttektar er skráð í **reit 44** með lyklinum **UTT** og þannig tengd hverri línu úttektar fyrir sig þannig að auðveldara sé að rekja sig til upprunalegrar innsetningar.

### Vörunúmer innsetningarskýrslu og úttektarskýrslu

Á hverja vörulínu bæði innsetningar- og úttektarskýrslu skal skrá vörunúmerið sem varan hefur í viðskiptahugbúnaði rekstraraðila. Vörunúmerið er skráð í **reit 44** með lyklinum **VNR** og tryggir að sama vara í vörulínu úttektarskýrslu eigi sér hliðstæðu í vörulínu innsetningarskýrslu. Framangreint gildir ekki um tollafgreiðslu eldsneytis.

### Sendingarnúmer úttektarskýrslu

Hver úttektarskýrsla skal innihalda sérstakt átján stafa *sendingarnúmer* sem færist í reit 18 í innflutningsskýrslu og er þannig samsett:

- B** = auðkenni tollfrjástrar vörugeymslu- eða tollvörugeymslu afgreiðslu.
- xxx** = auðkenni rekstraraðila tollfrjástrar vörugeymslu/tollvörugeymslu.
- dd** = dagur úttektar.
- mm** = mánuður úttektar.
- á** = síðasti stafur árs úttektar.
- IS** = fast auðkenni.
- xxx** = auðkenni afgreiðslusvæðis (t.d. FRS)
- nnnn** = raðnúmer úttektarskýrslu hvern dag, sem byrjar á 0001 í upphafi dags hjá rekstraraðila tollfrjástrar vörugeymslu/tollvörugeymslu.

Tilgreina skal raðnúmer úttektarskýrslu í **reit 21** í innflutningsskýrslu. Halda ber skrá yfir raðnúmer hvers dags í tölvukerfi rekstraraðila.

Sendingarnúmer í úttektarskýrslu skal tengt í birgðabókhaldi rekstraraðila við fyrrgreind tilvísunarnúmer innsetningarskýrslu og raðnúmer úttektar úr þeirri skýrslu. Við

tollafgreiðslu úttektarskýrslu er vísað til allra þeirra innsetningarskýrslna vörusendinga, sem vörur í úttektarskýrslu taka til með því að skrá í úttektarskýrsluna tilvísunarnúmer hverrar innsetningarskýrslu og tilvísunarnúmer úttekta þeirra í **reit 44**. Hámark tilvísunarnúmera úttekta sem eru tilgreind þar er 999.

### Útreikningur tollverðs í úttektarskýrslu

Vöruverð stakra vöruliða, sem mynda tollverð vegna vara sem taka á út hverju sinni, þ.e. tollafgreiða, skal í úttektarskýrslu tilgreint í íslenskum krónum (ISK). Við umreikning í íslenskar krónur skal nota tollgengi sem er í gildi tollafgreiðsludaginn.

Tollskyldir kostnaðarliðir (flutningskostnaður, annar kostnaður og váttrygging) í innsetningarskýrslu skulu við úttekt vara úr henni fylgja hlutfallslega í úttektarskýrslu vegna útreiknings heildar tollverðs í úttektarskýrslunni. Kostnaðarliðina skal reikna út hlutfallslega þannig að sama hlutfall af kostnaðarliðum fylgi með úttekinni vöru úr innsetningarskýrslu yfir í úttektarskýrslu.

### Úttektarskýrsla inniheldur vörur úr einni innsetningarskýrslu

Ef tekin er út vara í úttektarskýrslu af einni og sömu innsetningarskýrslu uppfærast tölur í erlendri mynt miðað við tollgengi og tollverðsgengi á hverjum tíma. Þó er rekstraraðila tollfrjálsrar vörugeymslu/tollvörugeymslu heimilt að tilgreina alltaf upphæðir sem mynda tollverð í ISK mynt í úttektarskýrslum, sbr. næsta lið “Úttektarskýrsla inniheldur vörur úr fleiri en einni innsetningarskýrslu”. Þessa reglu skal ákveða strax í upphafi reksturs tollfrjálsrar vörugeymslu/tollvörugeymslu.

### Úttektarskýrsla inniheldur vörur úr fleiri en einni innsetningarskýrslu

Ef teknar eru út í einni úttektarskýrslu vörur úr mörgum innsetningarskýrslum eru eftirfarandi verklagsreglur viðhafðar:

1. Vegna hverrar úttektar vöru af einni innsetningarskýrslu er fundið í ISK:
  - heildar vöruverð vöruliða úttektar úr þeirri innsetningarskýrslu.
  - hlutfall flutningskostnaðar
  - hlutfall annars kostnaðar
  - hlutfall váttryggingar
2. Kostnaðarliðir allra atriða í lið 1 eru lagðir saman og mynda heildar tollverð úttektar.
3. Hver vörulína úttektar úr innsetningarskýrslu myndar eina línu í úttektarskýrslu og samanlögð tollverð þeirra eiga að stemma við heildar tollverð í lið 1 hverrar úttektar.
4. Tollverð allra vara í úttektarskýrslu myndar heildar tollverð hennar og samanlagðir allir kostnaðarliðir úr innsetningarskýrslum, sem fylgt hafa hlutfallslega með vörum úr þeim skýrslum í úttektarskýrsluna mynda heildar

flutningsgjald, heildar annan kostnað og heildar vátryggingu og eru þáttur í tollverðinu. Samanlagðir þessir liðir mynda heildar tollverð í úttektarskýrslunni.

Þegar öll vara í tiltekinni innsetningarskýrslu hefur verið tollafgreidd í úttektarskýrslum á allur tollskyldur kostnaður að hafa skilað sér að fullu til ákvörðunar tollverðs í þeim.

### **Tollflokkun og vöruliðir**

Við úttekt skal tollflokkun vara haldast frá frumskráningu innsetningarskýrslu nema breytingar hafi orðið á tollskrá eða tollflokkun reynst röng í upphafi. Jafnframt skulu einstakir vöruliðir (línur) úr innsetningarskýrslum haldast aðskildir í úttektarskýrslu vegna mismunandi tilvísunarnúmera, vörunúmera og hugsanlega mismunandi verðs hverrar einingar til að auðvelda eftirlit. Þetta merkir t.d. að vara, sem að öllu leyti er eins og um hana eru sömu upplýsingar t.d. hvað varðar verð, upprunaland o.fl. í innsetningarskýrslu, myndar tvær línur í úttektarskýrslu ef varan kemur úr tveimur innsetningarskýrslum.

### **Afhendingarskilmálar – reitur 20**

Afhendingarskilmálar í úttektarskýrslu, skulu vera CIF staður tollfrjálsrar vöruheymislu/tollvöruheymislu t.d. CIF Reykjavík þó að þeir séu aðrir í reit 20 í innflutningsskýrslum ebl. E-2 sem eru til grundvallar úttektarskýrslunni,

### **Heildarfjárhæð reiknings – reitur 22**

Í þennan reit skal skrá samtals CIF verð (tollverð) vara í úttektarskýrslunni í mynt ISK.

### **Viðskiptaland – reitur 11**

Hér skal skrá viðskiptaland þeirra vara í úttektarskýrslunni sem mest af vörunni kemur frá miðað við verðmæti.

**Úttektarskýrsla:****Dæmi um úttekt, sem kemur úr tveimur innsetningarskýrslum og fer í eina úttektarskýrslu**

Í eftirfarandi dæmi er aðeins sýndur sá hluti innsetningarskýrslna- og úttektarskýrslu, sem inniheldur upplýsingar vegna útreiknings tollverðs vörulínu/tollskrárnúmers.

**Forsendur:** Gert er ráð fyrir að úttek og tollafgreiðsla sé framkvæmd 10. júní 2015.

Tollgengi þá EUR 149,05 og USD 132,06

Innsetninga A:	Konfekt ofl	Forsendur tollverðs	
Kaupskilmálar	FAS Hamborg	Vöruverð samtals	EUR 1500,45
		Flutningsgjald	ISK 18000
		Annar kostnaður	EUR 60
		Vátrygging 1%	ISK 2506

Tollverðsgengi 168,6747

Innsetninga B	Bæklingar og fl.	Forsendur tollverðs	
Kaupskilmálar	CIN Reykjavík	Vöruverð samtals	USD 1100
		Flutningsgjald	ISK 14560
		Annar kostnaður	
		Vátrygging	USD 138

Tollverðsgengi 161,8636

**Úttektarskýrsla vöru úr innsetningum A og B**

Úr innsetningarskýrslu A eru teknar 10 einingar konfekt á 8 EUR einingin					
	Vöruverð því	EUR 80 eða	ISK	11924	
Hlutfall kostnaðarliða er	Flutningsgjaldshlutdeild	0,0533X ISK 18000	ISK	959	
80/1500,45 eða 0,0533173	Annar kostnaður hlutdeild	0,0533*EUR 60	ISK	477	
	Vátrygging hlutdeild		ISK	134	
	Samtals	<b>TOLLVERÐ í reit 42</b>	ISK	<b>13494</b>	

Tollverðsgengið 168,6747\*80 gefur sömu niðurstöðu

Úr innsetningarskýrslu B eru tekin 1 eining bæklingur á USD 100 einingin					
	Vöruverð því	USD 100 eða	ISK	13206	
Hlutfall kostnaðarliða er	Flutningsgjaldshlutdeild	0,0909X ISK 14560	ISK	1324	
100/1100 eða 0,090909	Vátrygging	0,0909*USD 138	ISK	1657	
		<b>TOLLVERÐ í reit 42</b>	ISK	<b>16186</b>	

Tollverðsgengið 161,8636\*100 gefur sömu niðurstöðu

**Samtala tollverða Reitur 22 29680**

Flutn. vátr. annar kostn. **Reitur 12** (ekki fyllt út)

Kaupskilmálar CIF Reykjavík Reitur 20

**Aðrir reitir fylltir út samkvæmt almennum fyrirmælum**

Hver vörulína í úttektarskýrslu hefur sína tilvísun í viðkomandi innsetningarskýrslu sem samanstendur af tilvísunarnúmeri innsetningarskýrslunnar, raðnúmeri úttektar og vörunúmeri. Þessi tilvísun skal skráð í tölvukerfi rekstraraðila þannig að sjá megi þegar úttektarskýrsla er skoðuð úr hvaða innsetningarskýrslum vara (vörulína) kemur. Einnig skal vera mögulegt í tölvukerfi rekstraraðila að rekja út frá innsetningarskýrslu í hvaða úttektarskýrslur vara hefur farið.

### Ýmislegt

Gildandi tollgengi ber rekstraraðila tollfrjálsrar vöruheymslu/tollvöruheymslu eða tollvöruheymslu að skrá í tölvukerfi sitt á hverjum tíma og ber hann ábyrgð á að tollgengið sé rétt skráð. Tollgengið skal geymt á ferilskrá þannig að sjá megi hvaða tollgengi einstakra mynta var í gildi á tilteknum degi aftur í tímann. Einnig skal vera unnt þegar úttektarskýrsla er skoðuð í tölvukerfi rekstraraðila að sjá mynt og gengi tollgengis, sem notað var við útreikning tollverðsupphæða vegna vara úr viðkomandi innsetningarskýrslum.

Hver vara í innsetningarskýrslu skal eiga sér vörunúmer í tölvukerfi rekstraraðila (og skrá skal í vörulínu skýrslunnar). Á vörunúmerið skulu a.m.k. skráðar þær upplýsingar um vöruna sem nauðsynlegar eru til þess að varan fái rétta tollmeðferð við tollafgreiðslu í úttektarskýrslu vegna álagningar aðflutningsgjalda o.fl. Auk upplýsinga um heiti og einingarverð vörunnar og upprunaland skal skrá m.a. upplýsingar um gjaldstofna sem eru magntölur, en þeir geta verið nettóþungi vörunnar, nett-nettóþungi, lítratala, styrkleikaprósenta áfengis og stykkjatala vöru. Vörunúmer má binda við kennitölu viðkomandi innflytjanda, sem á vöru.

Innsetningarskýrsla í tölvukerfi rekstraraðila eða tollfrjálsrar vöruheymslu/tollvöruheymslu inniheldur a.m.k. öll þau atriði sem er að finna í almennri innflutningsskýrslu þannig að tollafgreiða megi vöruna þegar í stað eftir að vara hefur verið sett í vöruheymslu rekstraraðila fyrir hina ótollafgreiddu vöru.

Að öðru leyti gilda almennar reglur um útfyllingu innflutningsskýrslu einnig um útfyllingu innsetningar- og úttektarskýrslu og almennar reglur um SMT-tollafgreiðslu flutningsmiðlara, gjaldfærslubeiðni á innflytjanda, kennitölur rekstraraðila og innflytjanda í skýrslu o.fl. svo og reglugerð um tollfrjálsrar vöruheymslu/tollvöruheymslu og önnur stjórnvaldsfyrirmæli.

Við uppgjör innsetningarskýrslu í kjölfar síðustu úttektarskýrslu hennar skal gerð samantekt um með hvaða tollafgreiðslum úttekta innsetningarskýrslan var tæmd línu fyrir línu hvað varðar magntölur og verðmæti.

**Milliflutningur**

Rekstraraðili sendir úttektarskýrslu

- með tegund tollafgreiðslu **TU** í reit 1 (almenn úttekt)
- með undanþágu frá aðflutningsgjöldum (**UND MILLI**) í reit 44, ásamt að senda öll fylgiskjöl á skjalaskil@skatturinn.is. Skrá skal sendingarnúmer án bandstrika eða stafabila í efnislínu/subject tölvupósts.
- Ef flutningur er innan geymslu notar rekstraraðili upplýsingar (sendingarnúmer, magn o.fl.) og sendir innsetningarskýrslu, en ef vara er flutt í aðra geymslu sendir rekstraraðili upplýsingarnar á rekstraraðila þeirrar geymslu (t.d. forðageymslu) sem sendir inn innsetningarskýrslu.

Í þessum tilfellum er send innsetningarskýrsla með tegund tollafgreiðslu **TM** í reit 1 og K í fyrsta staf sendingarnúmers í staðinn fyrir B (t.d. KVOR... í stað BVOR...). Skrá skal sendingarnúmer úttektarskýrslunnar í reit 40 (t.d. BVOR...).

- Úttektarskýrsla er ekki afgreidd fyrr en innsetningarskýrsla er móttækin.

**Tollband, t.d. afgreiðsla í Fríhöfn**

Rekstraraðili sendir úttektarskýrslu

- með tegund tollafgreiðslu **TB** í reit 1 (bráðabirgðatollafgreiðsla með 20 daga frest til að ganga frá fullnaðaruppgjöri)
- með beiðni um undanþágu frá aðflutningsgjöldum (**UND T7900**) í reit 44, ásamt að senda öll fylgiskjöl á skjalaskil@skatturinn.is. Skrá skal sendingarnúmer án bandstrika eða stafabila í efnislínu/subject tölvupósts.
- Skatturinn yfirfer skýrslu og fylgiskjöl, og e.a. afgreiðir úttektarskýrslu til bráðabirgða og sendir rekstraraðila afhendingarheimild (**CUSPAR**) og gjaldfærslutilkynningu (**CUSTAR**), sem e.a. er einnig send innflytjanda vöru.
- Rekstraraðili prentar út skýrsluna og lætur fylgja vörunni (t.d. í Fríhöfnina), þar sem tollverðir staðfesta flutninginn með stimpli á skýrsluna.
- Rekstraraðili sendir fullnaðaruppgjör (afgr. 2) innan 20 daga. Aðflutningsgjöld eru einungis felld niður ef skráð er í skýrslu beiðni um undanþágu. Að auki skal senda stimplaða tollskýrsluna, sbr. hér ofar, á skjalaskil@skatturinn.is. Ef ekki er búið að skila bæði fullnaðaruppgjöri (afgr. 2) ásamt skýrslu stimplaðri af tollgæslu innan þessa 20 daga, verða gjöldin skuldfærð og lokað fyrir afgreiðsluheimild innflytjanda eða e.a. ábyrgðaraðila greiðslu (reitur 9) skv. skráningu í skýrslunni.
- Skatturinn afgreiðir skýrsluna, fellir niður aðflutningsgjöld og sendir rekstraraðila, og e.a. innflytjanda vöru, gjaldfærslutilkynningu (**CUSTAR**).

**Skilavara, t.d. skil vöru úr Fríhöfn**

Rekstraraðili sendir innsetningarskýrslu

- með tegund tollafgreiðslu **TK** í reit 1 og K í fyrsta staf sendingarnúmers í staðinn

fyrir B (t.d. KVOR... í stað BVOR...).

- tollskýrslan er unnin á sama hátt og innsetningarskýrsla, færa skal innsetningarnúmer í reit 28 og skrá sama viðskiptaland og sendingarland og þegar varan kom til landsins.
- skrá í reit 49 nýjan geymslustað, þ.e. hvert varan er að fara.
- tollmeðferð skráð í reit 37 er 70, bæði í fyrri hluta og seinni hluta.
- senda skal öll fylgiskjöl (kredit reikning) á skjalaskil@skatturinn.is. Skrá skal sendingarnúmer án bandstrika eða stafabila í efnislínu/subject tölvupósts.
- Skatturinn afgreiðir skýrsluna og sendir rekstraraðila afhendingarheimild (CUSPAR), sem e.a. er einnig send fyrri vörsluhafa vöru.

## Förgun

Rekstraraðili sendir inn úttektarskýrslu

- með tegund tollafgreiðslu TU í reit 1 (almenn úttekt)
- með beiðni um undanþágu frá aðflutningsgjöldum (**UND T0023**) í reit 44, ásamt að senda öll fylgiskjöl á skjalaskil@skatturinn.is. Skrá skal sendingarnúmer án bandstrika eða stafabila í efnislínu/subject tölvupósts.
- Öll skjöl verða einnig að berast á pappír til tollsins.
- Ef Skatturinn samþykkir förgun er skýrslan sett í stöðuna skjalaskoðun /vöruskoðun. Þ.e. í sama feril og almennar farganir.
- Skatturinn afgreiðir skýrsluna, fellir niður aðflutningsgjöld og sendir rekstraraðila, og e.a. innflytjanda vöru, gjaldfærslutilkynningu (CUSTAR).

## Vöntun

Rekstraraðili sendir inn úttektarskýrslu

- með tegund tollafgreiðslu TU í reit 1 (almen úttekt)
- með beiðni um undanþágu frá aðflutningsgjöldum (**UND T1120**) í reit 44, ásamt að senda öll skjöl (skýrsla, úttektarskýrsla, staðfesting tollvarðar á vöntun) á skjalaskil@skatturinn.is. Skrá skal sendingarnúmer án bandstrika eða stafabila í efnislínu/subject tölvupósts.
- Skatturinn afgreiðir skýrsluna, fellir niður aðflutningsgjöld og sendir rekstraraðila, og e.a. innflytjanda vöru, gjaldfærslutilkynningu (CUSTAR).

## Útflutningur - endursala

Rekstraraðili sendir inn úttektarskýrslu

- með tegund tollafgreiðslu TB (sami ferill og Tollband hér ofar).
- með beiðni um undanþágu frá aðflutningsgjöldum (**UND T1130**) í reit 44.
- Rekstraraðili sendir fullnaðaruppgjör (afgr. 2) innan 20 daga. Að auki skal senda staðfest/stimplað eyðublað E14 (Beiðni um skoðun á vöru sem senda á til útlanda) á skjalaskil@skatturinn.is. Skrá skal sendingarnúmer án bandstrika eða stafabila



í efnislínu/subject tölvupósts. Ef ekki er búið að skila bæði fullnaðaruppgjöri (afgr. 2) og staðfestu/stimpluðu eyðublaði E14 innan 20 daga, verða gjöldin skuldfærð og lokað fyrir afgreiðsluheimild innflytjanda eða e.a. ábyrgðaraðila greiðslu (reitur 9) skv. skráningu í tollskýrslu.

### Sendiráð

Rekstraraðili sendir inn úttektarskýrslu

- með tegund tollafgreiðslu TU (almenn úttekt)
- með beiðni um undanþágu frá aðflutningsgjöldum (**UND T0302**) í reit 44, ásamt að senda öll fylgiskjöl á skjalaskil@skatturinn.is. Skrá skal sendingarnúmer án bandstrika eða stafabila í efnislínu/subject tölvupósts.
- Skatturinn afgreiðir skýrsluna, fellir niður aðflutningsgjöld og sendir rekstraraðila, og e.a. innflytjanda vöru, gjaldfærslutilkynningu (CUSTAR).

### Eldri innsetningar

- Ef framkvæmd er úttekt vöru úr innsetningu sem skráð er í eldra tollakerfi er tilvísunarnúmer úttektar (úttektarnúmer) skráð í **reit 44** með lyklinum **UTG**, í stað UTT.
- Hægt er að skrá e.a. UTG og UTT ef úttekt er bæði úr eldri innsetningu og nýrri, á sitt hvora línuna í sömu úttektarskýrslu.

### Innsetning leiðrétt

- Ef í ljós kemur að upplýsingar í samþykktari innsetningarskýrslu eru rangar, t.d. röng áfengisprósenta, lítratala, nettóþyngd o.fl., skal rekstraraðili senda tölvupóst á innsetning@skatturinn.is og skjalaskil@skatturinn.is og skrá sendingarnúmer án bandstrika eða stafabila í efnislínu/subject tölvupósts.
- Í tölvupósti skal koma fram beiðni um leiðréttingu og ástæða leiðréttingar.
- Skatturinn samþykkir beiðni og sendir athugasemdir við skýrslu (CUSERR) á rekstraraðila.
- Einnig má sjá á Tollalínunni að staða skýrslu breytist og verður: "Í tollmeðferð - athugasemdir við skýrslu".
- Rekstraraðili sendir inn nýja og rétta skýrslu ásamt að senda tölvupóst með nýjum fylgiskjölum.
- Bíða verður eftir að Skatturinn staðfesti leiðréttingu og að skýrslan fari aftur í stöðuna "Innsetning - Bíða eftir lokauppgjöri". Fylgjast þarf með tollalínunni til að sjá að skýrslan er komin í rétta stöðu þar eð ekki er send önnur afhendingarheimild

Breyta verður e.a. tollafgreiddum úttektum og senda leiðréttingu (afgr. 2) í samræmi við leiðréttu innsetningu. Ekki er tekið á móti leiðréttingum úttekta fyrir en leiðrétt innsetning

er samþykkt og í stöðunni "Innsetning - Biða eftir lokauppgjöri", sbr. hér ofar.

### **Uppgjör**

Uppgjörið (áður núll skýrsla) er sent inn sem afgreiðsla 2.

Við lokaafgreiðslu og uppgjör á vörusendingu, sem skráð var í tollvörugæmslu með innsetningarskýrslu, þ.e. þegar allri vöru í vörusendingu hefur verið ráðstafað úr tollvörugæmslunni með úttektarskýrslum, sendir rekstraraðili seinustu útgáfu innsetningarskýrslunnar og merkir sem afgr. 2 (þ.e. skráir 02 í 3. hluta reits 1 í tollskýrslu á sama hátt og þegar um ræðir fullnaðaruppgjör bráðabirgðatollskýrslu).